

SAMPYKKT
um breytingar á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
og fundarskóp borgarstjórnar, nr. 1200/2007.

1. gr.

Síðari málsl. 1. mgr. 5. gr. samþykktarinnar fellur niður. Jafnframt fellur orðið „Aðra“ brott í upphafi 2. mgr. 5. gr.

2. gr.

Í stað „menntamálaráðs“ í 3. tölul. 2. mgr. 8. gr. samþykktarinnar kemur: menntaráðs. Í stað „stjórnar eignasjóðs“ kemur: framkvæmda- og eignaráðs.

3. gr.

Í stað „félagsmálaráðuneytisins“ í 1. mgr. 11. gr. samþykktarinnar kemur: samgönguráðuneytisins.

4. gr.

Síðari málsl. 3. mgr. 15. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Fundargerð eða hluti hennar skal þó lesin upp í fundarlok ef forseti ákveður, borgastjóri óskar eða fjórir borgarfulltrúar hið fæsta, og skulu þá allir viðstaddir undirrita hana.

5. gr.

Síðari málsl. 1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Borgarfulltrúar eru einir kjörgengir sem aðalmenn í borgarráð, en kjörgengir varamenn í borgarráð eru þeir sem skipa sæti á framboðslista sem fulltrúa hefur fengið í borgarstjórn við síðustu borgarstjórnarkosningar.

6. gr.

Úr B-lið 61. gr. samþykktarinnar fellur 7. tölul. en við bætist nýr 1. tölul. svohljóðandi: Sjö menn í framkvæmda- og eignaráð og sjö til vara. Formannskjör.

Númer annarra tölul. B-liðar sem aftar standa breytast til samræmis.

7. gr.

5. tölul. B-liðar 62. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Fimm menn í hvert hverfisráð og fimm til vara. Formannskjör.

8. gr.

Fyrri málsl. 2. mgr. 68. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi: Skrifstofustjóri borgarstjórnar gegnir störfum borgarstjóra í fjarveru hans og öðrum forföllum, en borgarlögmaður í fjarveru skrifstofustjóra borgarstjórnar.

9. gr.

Viðaukar 1.2 og 2.4 með samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 12/2007 falla niður. Númeraröð annarra viðauka sem aftar standa breytist í samræmi við það.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnar-laga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 9. september 2009.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.